

Mál nr. 185/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B

Árekstur á Hafraholti á Ísafirði þann 3.3.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 25.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.9.2006.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið út frá botnlanga frá húsum nr. 44 til 54 við Hafraholt á Ísfirði og beygt til vinstri áleiðis suður götuna. Þá var bifreiðinni B ekið frá botnlanga við Hafraholt 32 til 42 og beygt norður götuna. Rákust þá saman hægra framhorn A og hægri hlið B. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum.

Ökumaður A kvaðst hafa verið á leið út úr botnlanganum og hugðist beygja til suðurs. Þá hafi stúlka gengið yfir götuna fyrir framan A. Eftir að stúlkan var farin kvaðst ökumaðurinn hafa ekið af stað, en þá ekið inn í hlið B, en hann hafi ekki séð til ferða B fyrr en rétt áður en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið norður Hafraholt frá húsum nr. 32 til 42. Allt í einu hafi hann séð A vera ekið út frá botnlanganum við hús nr. 44 til 54. Hafi hann þá beygt til vinstri til að afstýra árekstri, en hægra framhorn A hafi þá lent í hægri hlið B.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að B hafi verið ekið nokkurn spöl eftir Hafraholti, þegar A var ekið út á götuna og áreksturinn varð. A var ekið út á götuna yfir gangstétt frá bifreiðastæði eða heimreið. Bar ökumanni A, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Þessa skyldu virti ökumaður A ekki gagnvart B og telst því eiga sök á árekstrinum. Eins og mál þetta liggur fyrir eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A, PL-460.

Reykjavík, 1. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.